

Fimmtudaginn 10. september 1998.

Nr. 313/1998.

Sæmundur Þórðarson
Anne May Sæmundsdóttir
Þórður Jón Sæmundsson
Siv E. Sæmundsdóttir
Geirlaug Þorvaldsdóttir
Katrín Þorvaldsdóttir
Skúli Þorvaldsson og
Vatnsleysa sf.

(Ingimundur Einarsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Lindalax hf.

(enginn)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 6. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 1998, þar sem Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila um, að hann viki sæti í máli þeirra á hendur varnaraðila um viðurkenningu kröfu við gjaldprotaskipti. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Samkvæmt gögnum málsins var bú Lindalax hf. tekið til gjaldprotaskipta 12. desember 1989. Sama dag voru héraðsdómslögmenirnir Ingi H. Sigurðsson og Jón G. Briem ráðnir bústjórar til bráðabirgða í Þrotabúinu. Fresti til að lýsa kröfum á hendur búinu lauk 26. mars 1990, og var skrá um lýstar kröfur tekin fyrir á skiptafundi 26. apríl sama árs. Á þeim fundi voru bústjórnarnir kosnir skiptastjórar. Fyrir liggur, að Jón G. Briem lét nokkru síðar af starfi skiptastjóra, en við því tók Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður.

Með bréfi til skiptastjóranna Inga H. Sigurðssonar og Ásbjörns Jónssonar 19. mars 1998 lýstu sóknaraðilar kröfu á hendur varnaraðila um greiðslu fyrir tímabilið frá 12. desember 1989 til 1. október 1997 vegna leigu á landi undir laxeldisstöð, nýtingar neysluvatns, sjávar og jarðvarma og fleira, alls að fjárhæð 69.257.638 krónur ásamt nánar tilteknum dráttarvöxtum. Með bréfi 27. mars 1998 höfnuðu skiptastjórar kröfunni og boðuðu sóknaraðila um leið til skiptafundar, þar sem fjallað var um hana 14. apríl sama árs. Á fundinum tókst ekki að jafna ágreining um viðurkenningu á kröfu sóknaraðila, og leituðu því skiptastjórar samdægurs með bréfi eftir úrlausn Héraðsdóms Reykjaness um ágreiningsefnið.

Mál þetta, sem er komið til með framangreindum hætti, var þingfest 9. júní 1998. Greinargerðir málsaðila og sönnunargögn voru lögð fram í þinghöldum 15. og 24. sama mánaðar, og var aðalmeðferð ákveðin 9. júlí sl. Áður en til þess þinghalds kom, kröfðust sóknaraðilar þess með bréfi 26. júní 1998, að Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari, sem hafði farið með málið frá byrjun, viki sæti í því. Hann hafnaði þeirri kröfu með hinum kærða úrskurði.

II.

Sóknaraðilar reisa kröfu sína um, að héraðsdómari viki sæti, einkum á því, að hann hafi 16. júní 1998 fengið úthlutað máli, sem rekið sé fyrir Héraðsdómi Reykjaness á milli Den Norske Bank og Iðnþróunarsjóðs annars vegar og varnaraðila hins vegar. Í því máli sé til úrlausnar ágreiningur vegna ráðstöfunar varnaraðila á tryggingarfé, sem fyrrnefndar lánastofnanir hafi lagt fram, en því hafi verið varið til að greiða bústjórum til bráðabirgða þóknun fyrir störf þeirra samkvæmt reikningum, sem þær felli sig ekki við. Í fyrrnefndu bréfi sóknaraðila 26. júní 1998 segir, að í þinghaldi 24. sama mánaðar í málinu, sem hér er til úrlausnar, hafi héraðsdómarinn tjáð lögmanni varnaraðila, að hann hafi sagt sig frá máli Den Norske Bank og Iðnþróunarsjóðs gegn varnaraðila. Sóknaraðilar staðhæfa, að héraðsdómarinn hafi, aðspurður af lögmanni varnaraðila um ástæður þessa, sagt orðrétt eftirfarandi, að þeir hyggi: „Ég gat ekki farið með þetta mál og varð að láta það frá mér. Þetta eru allt svo miklir vinir mínir, Ingi Sigurðs, Jón Briem og Ásbjörn.“

Sóknaraðilar vísa til þess, að varnaraðili í þessu máli sé hinn sami

og í fyrrnefndu máli, sem héraðsdómari hafi vikið sér undan. Eftir því, sem næst verði komist, sé í báðum málunum deilt um háttsemi bústjóra og skiptastjóra varnaraðila. Hljóti því sömu vanhæfisástæður um þá að eiga við í báðum tilvikum. Til stuðnings staðhæfingum sínum hafa sóknaraðilar lagt fyrir Hæstarétt gögn frá Héraðsdómi Reykjaness, sem staðfesta, að héraðsdómarinn hafi látið af meðferð umrædds máls 23. júní 1998 og því verið úthlutað öðrum dómara, en ástæður þess eru þar ekki greindar. Þá hafa sóknaraðilar einnig lagt fram bréf 4. ágúst 1998 til lögmanns þeirra frá lögmanni varnaraðila. Í bréfinu segist lögmaðurinn ekki geta staðfest, að orðaskipti í þinghaldi 24. júní 1998 hafi verið með þeim hætti, sem áður er getið. Hins vegar minni lögmanninn, að efnislega hafi héraðsdómari látið þau orð falla þar, að hann færi ekki lengur með fyrrnefnt mál, því að hann hafi viljað losna við að leysa úr ágreiningi, sem varði beina fjárhagslega hagsmuni fyrrum samstarfsmanna hans til margra ára.

Sóknaraðilar styðja kröfu sína um, að héraðsdómari viki sæti, jafnframt þeim rökum, að hann hafi eftir lok þinghalds 24. júní 1998 sagt lögmanni þeirra „vafningalaust frá því, hver yrði niðurstaða“ í málinu. Segja sóknaraðilar þetta ásamt því, sem áður greinir, gera lögmanni þeirra örðugt að flytja málið fyrir héraðsdómaranum. Sé um að ræða þau atvik, að draga megí óhlutdrægni héraðsdómarans með réttu í efa, og beri honum því að víkja sæti vegna ákvæðis g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Í hinum kærða úrskurði kveðst héraðsdómarinn ekki kannast við „efnislegt réttmæti“ staðhæfinga sóknaraðila, sem fram komu í bréfi þeirra 26. júní 1998. Verður að líta svo á, að þar sé bæði átt við fullyrðingar um ummæli, sem dómarinn er sagður hafa látið falla í þinghaldinu 24. sama mánaðar, og orðaskipti eftir lok þess við lögmann sóknaraðila.

Í tengslum við þá kröfu, sem hér er til úrlausnar, hafa sóknaraðilar ekki rökstutt sérstaklega, hvernig fjárkröfur þeirra í málinu gætu persónulega varðað þá lögmennt, sem fengist hafa við skiptastjórn í þrotabúi Lindalax hf. Virðist að því leyti gegna öðru um fyrrnefnt mál, sem er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness um greiðslu þóknunar til einhverra eða allra þessara lögmannna. Þótt

rétt væri sú staðhæfing sóknaraðila, að héraðsdómarinn hafi færst undan því máli vegna samstarfs á fyrri tímum eða kunningsskapar við umrædda lögmenn, verður atvikum þar samkvæmt áðursögðu ekki jafnað til þessa máls. Slík tengsl, sem hér um ræðir, á milli héraðsdómarans og lögmanna, sem eru í fyrirsvari fyrir varnaraðila, eru ekki heldur almennt þess eðlis, að vanhæfi leiði af þeim samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 91/1991. Þegar alls þessa er gætt, verða sóknaraðilar ekki taldir hafa sýnt fram á, að efni séu til, að héraðsdómari víki sæti vegna þeirra atvika, sem hér um ræðir.

Eins og áður greinir, felst í forsendum hins kærða úrskurðar, að héraðsdómari neiti því að hafa látið orð falla um fyrirsjáanlega niðurstöðu málsins í samtali við lögmann sóknaraðila eftir lok þinghalds 24. júní 1998. Þeirri neitun hafa sóknaraðilar ekki hnekkt. Gefa staðhæfingar þeirra í þessum efnum því ekki tilefni til, að héraðsdómari víki sæti.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 1998.

Með greinargerð sóknaraðila, Sæmundar Þórðarsonar, kt. 270927-5139, Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, Anne May Sæmundsdóttur, kt. 121255-6939, Rekagrandu 10, Reykjavík, Þórðar Jóns Sæmundssonar, kt. 060565-5709, Heiðarvegi 11, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Sívjar E. Sæmundsdóttur, kt. 020760-6999, Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, Geirlaugar Þorvaldsdóttur, kt. 131239-4679, Stigahlíð 80, Reykjavík, Katrínar Þorvaldsdóttur, kt. 010255-6199, Tjarnargötu 40, Reykjavík, og Skúla Þorvaldssonar, kt. 070341-3799, Bergstaðastræti 77, Reykjavík, allra persónulega og fyrir hönd óskráðs sameignarfélags þeirra, Vatnsleysu sf., dagsettri 15. júní sl., er höfðað ágreiningsmál samkvæmt lögum nr. 21/1991 gegn varnaraðila, þrotabúi Lindalax ehf., Vatnsnesvegi 14, Keflavík. Með bréfi, dagsettu 26. júní 1998, kröfðust sóknaraðilar þess, að dómari málsins víki sæti með vísan til g-liðar 5. gr. og 1. tl. 6. gr. laga nr. 91/1991. Var krafan tekin til úrskurðar í þinghaldi 9. þ. m.

Sóknaraðili hefur eigi lagt fram nein haldbær sönnunargögn til stuðnings þeim fullyrðingum, sem fram koma í framangreindu bréfi hans, og kannast dómari málsins eigi við efnislegt réttmæti þeirra. Þá verður eigi talið, að um

sé að ræða að öðru leyti þau atvik eða þær aðstæður, sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómara málsins í efa með réttu, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Þykir því verða að hafna kröfu sóknaraðila um, að dómari málsins víki sæti.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari víkur ekki sæti í máli þessu.
